

## Tillögur stjórnar

### Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf.

13. mars 2025

## Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. leggur fram eftirfarandi tillögur fyrir aðalfund félagsins:

### Dagskrárliður 2 – Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár

**Tillaga:** Stjórn leggur til að fyrirliggjandi ársreikningur fyrir árið 2024 verði samþykktur.

### Dagskrárliður 3 – Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu reikningsári

**Tillaga:** Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður sem nemur kr. 2,94 á hlut fyrir rekstrarárið 2024 eða um 3.400 m.kr. Arðsákvörðunardagur er 13. mars 2025 og þar af leiðir að skráðir hluthafar í lok dags 17. mars 2025, sem telst arðsréttindadagur, eiga rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag er 14. mars 2025 og er hann arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs er 27. mars 2025.

### Dagskrárliður 4 – Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins

**Tillaga:** Stjórn félagsins leggur til við aðalfund félagsins að meðfylgjandi starfskjarastefna verði samþykkt.

Stjórn leggur til endurskoðaða starfskjarastefnu. Tillögur stjórnar snúa í meginatriðum að orðalagsbreytingum til skýringar á mismunandi þáttum um kaupauka og kaupréttaráætlun. Gerð er tillaga um ný ákvæði um jafnrétti og um tryggingavernd stjórnar og stjórnenda.

### Starfskjarastefna Sjóvá hljóði eftirleiðis svo:

#### Starfskjarastefna Sjóvá-Almennra trygginga hf.

##### Grundvöllur

Starfskjarastefna þessi er sett á grundvelli 79. gr. a laga nr. 2/1995, um hlutafélög, auk reglna um góða stjórnarhætti og tekur mið af 51. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi.

##### Tilgangur

Stefnan miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk.

##### Umfang

Nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna félagsins og dótturfélaga þess. Starfskjaranefnd er skipuð stjórn félagsins.

##### Stefna

Starfskjarastefna Sjóvá-Almennra trygginga hf. miðar að því að starfsfólk félagsins vinni að verkefnum í þeim tilgangi að tryggja velgengni félagsins. Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna félagsins. Við framkvæmd stefnunnar skal jafnframt farið eftir mannréttindastefnu félagsins sem kveður á um að starfsfólk skuli fá greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf, óháð kyni. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir allt starfsfólk óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum þáttum.

##### Starfskjör stjórnarmanna

Starfskjör stjórnarmanna eru ákveðin fyrir komandi starfsár á aðalfundi félagsins ár hvert. Skulu laun stjórnarmanna taka mið af þeim tíma sem þeir þurfa að verja til starfans og þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir.

##### Starfskjör forstjóra

Starfskjör forstjóra félagsins skulu ítarlega tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi þar sem skýrt kemur fram hver eru föst laun, lífeyrisréttindi, orlof, önnur hlunnindi og uppsagnarfrestur. Við gerð ráðningarsamnings skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi. Einungis er heimilt við sérstök skilyrði, að mati stjórnar, að gera sérstakan starfslokasamning við forstjóra. Skal sérstaklega færa þá ákvörðun til bókar á stjórnarfundi ásamt röksemdum.

### Starfskjör annarra æðstu stjórnenda

Starfskjör annarra æðstu stjórnenda skulu ítarlega tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi þar sem tiltekin eru sömu atriði og fram koma um starfskjör forstjóra, eftir því sem við á.

### Skaðleysi stjórnar og stjórnenda

Félagið skal tryggja að á hverjum tíma sé í gildi ábyrgðartrygging fyrir stjórnarmenn og æðstu stjórnendur, bæði starfandi og fyrrverandi, vegna hugsanlegra krafa í tengslum við störf þeirra. Félagið greiðir tryggingariðgjald ábyrgðartryggingarinnar og samkvæmt skilmálum hennar er greiddur eðlilegur kostnaður af málsvörn gagnvart kröfum eða rannsóknum af ofangreindum toga. Félagið skal þannig tryggja að stjórn og stjórnendum sé haldið skaðlausum af kröfum sem á þau kunna að verða gerðar eða á þau kunna að falla vegna starfa fyrir félagið, að svo miklu leyti sem slík krafa er ekki til komin fyrir háttsemi sem metin er til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis.

### Starfskjör annarra starfsmanna

Starfskjör annarra starfsmanna félagsins skulu ákveðin í skriflegum ráðningarsamningi þar sem skýrt kemur fram hver eru föst laun, lífeyrisréttindi, orlof, önnur hlunnindi og uppsagnarfrestur.

### Upplýsingagjöf og frávik frá starfskjarastefnu

Starfskjarastefnu skal endurskoða árlega og skal greiða atkvæði um hana á hverjum aðalfundi. Gera skal árlega grein fyrir launum og öðrum starfskjörum stjórnar og æðstu stjórnenda í ársskýrslu félagsins. Frávik frá starfskjarastefnu skulu rökstudd sérstaklega í hverju tilviki og færð til bókar.

### Breytileg starfskjör – árangurstengdar greiðslur

Stjórn félagsins er heimilt að greiða starfsmönnum og stjórnendum árangurstengdar greiðslur, kaupauka, sem stjórnin samþykkir að fengnu álit stjórnendur.

Með kaupauka er átt við greiðslur og hlunnindi til starfsmanns, meðal annars reiðufé, sérstakar lífeyrisgreiðslur og kaupréttir, tengdum fyrir fram ákveðnum og mælanlegum árangursviðmiðum að teknu tilliti til heildarafkomu og framtíðarstefnu váttryggingafélagsins yfir lengri tíma, undirliggjandi áhættu og fjármagnskostnaðar þess. Greiðslan er ekki þáttur í föstum starfskjörum starfsmanns, þar sem endanleg fjárhæð eða umfang greiðslu liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram. Einungis er um að ræða heimild en ekki skyldu félagsins til greiðslu kaupauka.

Kaupauki til starfsmanna og stjórnenda skal uppfylla kröfur 51. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi og skal samtala veitts kaupauka til starfsmanns, þ.m.t. á grundvelli kaupréttis, á ársgrundvelli ekki nema hærri fjárhæð en 25% af árslaunum viðkomandi án kaupauka.

Félaginu er óheimilt að veita lán eða ábyrgðir af nokkru tagi í tengslum við úthlutun kaupauka.

### Kaupréttaráætlanir

Félaginu er heimilt að setja á stofn kaupaukakerfi í formi kaupréttis sem hafi það að markmiði að tengja hagsmuni starfsmanna félagsins við hluthafa, auk þess að hjálpa til við að laða að hæft starfsfólk og auka tryggt innan félagsins við afkomu og langtímamarkmið félagsins og hluthafa þess. Í því skyni hefur félagið sett sér kaupréttaráætlun sem uppfyllir skilyrði 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og 51. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Var það gert á árinu 2024, í samræmi við heimild aðalfundar félagsins þann 7. mars 2024.

Stjórn er heimilt að útfæra frekari kaupréttaráætlanir og kaupréttarsamninga á grundvelli mælikvarða um árangur fyrir stjórnendur og aðra starfsmenn sem skal lögð fyrir hluthafafund félagsins til samþykktar. Slíkar kaupréttaráætlanir og kaupréttarsamningar gerðir á grundvelli þeirra skulu almennt miða við að fjárhagslegir mælikvarðar um árangur (s.s. um arðsemi eiginfjár félagsins, eiginfjárlutfall, samsett lutfall, lausafjárlutfall og annan rekstrarárangur) vegi um 50%, en um 50% ráðist af stefnumarkandi markmiðum í rekstri félagsins, s.s. fylgni við lög og reglur, kostnaðarvitund, umbótavilja, ánægju viðskiptavina og áhættuvitund starfsmanns.

### Greinargerð stjórnar:

Tilgangurinn með því að heimila stjórn að greiða starfsmönnum og stjórnendum árangurstengdar greiðslur, að fengnu samþykki starfskjaranefndar, á grundvelli fyrir fram ákveðinna og mælanlegra árangursviðmiða að teknu tilliti til heildarafkomu og framtíðarstefnu félagsins yfir lengri tíma.

Lagt er til að stjórn verði gert heimilt að útfæra og leggja fyrir hluthafafund til samþykktar kaupréttaráætlun sem byggir á árangurstengdum mælikvörðum sem tvinnu saman langtímahagsmuni félagsins við stjórnendur og aðra starfsmenn.

Í endurskoðaðri starfskjarastefnu er gerð tillaga um ný ákvæði um jafnrétti í samræmi við mannréttindastefnu félagsins. Sömuleiðis var bætt við ákvæðum sem skýra stefnu félagsins um tryggingavernd fyrir stjórn og stjórnendur.

### Dagskrárlíður 8 – Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags

**Tillaga:** Lagt er til að KPMG ehf. verði kosið endurskoðunarfélag félagsins til eins árs.

### Dagskrárlíður 9 – Tilnefning nefndarmanna í endurskoðunarnefnd

**Tillaga:** Stjórn leggur til að aðalfundur tilnefni Önnu Birgittu Geirfinnsdóttur og Friðrik S. Halldórsson til setu í endurskoðunarnefnd.

#### **Greinargerð stjórnar:**

Félagið er eining tengd almannahagsmunum í skilningi laga nr. 3/2006 um ársreikninga og skal því starfa endurskoðunarnefnd innan félagsins, sbr. IX kafla A í lögnum. Í 108. gr. a. laganna er mælt fyrir um að sé nefndarmaður í endurskoðunarnefnd utanaðkomandi aðili skuli hann tilnefndur af aðalfundi.

### Dagskrárlíður 10 – Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins, undirnefnda og tilnefningarnefndar

**Tillaga:** Lagt er til að stjórnarlaun verði hækkuð úr kr. 451.000 á mánuði í kr. 467.000 og að laun stjórnarformanns verði hækkuð úr kr. 886.000 á mánuði í kr. 917.000. Hvorum varamanni skal greidd eingreiðsla kr. 467.000 í upphafi starfsárs og að auki kr. 161.000 fyrir hvern fund sem hann situr. Lagt er til að nefndarlaun í endurskoðunarnefnd verði kr. 122.000 á mánuði og að laun nefndarformanns verði kr. 242.000 á mánuði. Lagt er til að nefndarlaun í starfskjaranefnd verði kr. 25.000 á mánuði og að laun nefndarformanns verði kr. 50.000 á mánuði. Lagt er til að þóknun til nefndarmanna tilnefningarnefndar verði kr. 36.000 á mánuði og kr. 48.000 fyrir hvern fund og formaður fái 50% álag.

### Dagskrárlíður 11 – Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum

**Tillaga:** Stjórn félagsins leggur til endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu. Samkvæmt 9. gr. samþykktar félagsins skal slíkrar heimildar getið í viðauka við samþykktir:

*„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 13. mars 2025 veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa allt að 115.659.000 eigin hluti í félaginu. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Hlutabréf sem félagið eignast á grundvelli heimildar þessarar má meðal annars nota í þeim tilgangi að lækka hlutafé eða uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum sem gerðir eru við starfsfólk í samræmi við starfskjarastefnu og kaupréttaráætlun félagsins. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að eignarhald félagsins, og dótturfélaga þess, fari ekki umfram 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hluti í félaginu fara fram, hvort sem er hærra. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“*

#### **Greinargerð stjórnar:**

Með tillögunni er lagt til að stjórn félagsins fái nýja heimild til endurkaupa á eigin hlutum. Heimildin til þess að nota hlutabréf sem félagið eignast á grundvelli heimildar þessarar til þess að uppfylla skuldbindingar samkvæmt kaupréttarsamningum er nátengd starfskjarastefnu félagsins. Sem fyrr er tilgangur félagsins með endurkaupum einnig að lækka hlutafé félagsins, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Samþykki aðalfundur tillögu stjórnar um áframhaldandi heimild til kaupa á eigin hlutum mun núverandi viðauki við samþykktirnar um endurkaup, samanber samþykkt aðalfundar 7. mars 2024, falla brott.

#### Tilnefnd til setu í endurskoðunarnefnd:

**Anna Birgitta Geirfinnsdóttir** er fædd 1. janúar 1970. Anna Birgitta fékk löggildingu sem endurskoðandi í mars 2001 og Cand. Oecon viðskiptafræðigráðu frá Háskóla Íslands 1995. Anna Birgitta er fjármálastjóri HS Veitna hf. Á árunum 2021-2024 starfaði hún sjálfstætt ásamt því að sitja í nokkrum stjórnnum og nefndum hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum. Hún er fyrrverandi eigandi hjá Deloitte ehf. þar sem hún starfaði í yfir 30 ár. Anna Birgitta hefur setið í endurskoðunarnefnd Sjóvá frá árinu 2022.

Anna Birgitta er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

**Friðrik Halldórsson** er fæddur 27. maí 1959, til heimilis í Reykjavík. Friðrik er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1985. Hann hefur starfað við bankamál lengstan starfstíma sinn við hin ýmsu störf. Má þar nefna að frá árinu 2008 til ársins 2018 starfaði hann sem forstöðumaður á endurskipulagningarsviði Landsbankans. Hann hefur setið í endurskoðunarnefnd Sjóva frá árinu 2018.

Friðrik er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.